



Akureyrarbær

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðun  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

Akureyri, 13. janúar 2022  
2021121088 / 01-704

**Efni:** Byggðakvóti handa Hrísey og Grímsey - fiskveiðiárið 2021-2022

Bæjarráð hefur á fundi sínum þann 13. janúar 2022 gert eftirfarandi bókun:

Rætt um tillögu um sérreglur vegna byggðakvóta.

*Bæjarráð óskar eftir að veitt verði undanþága í 6. gr. reglugerðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022. Óskað er eftir því að vinnsluskylda á byggðakvóta verði felld niður í sérreglum Akureyrarbæjar um úthlutun byggðakvóta í Grímsey.*

*Rökin fyrir beiðninni eru einkum eftirfarandi: Grímsey hefur verið skilgreind sem brothætt byggð og er hluti af samnefndu verkefni á vegum Byggðastofnunar. Í dag er engin vinnsla starfandi í Grímsey en landaður afli er umtalsverður og er hann fluttur í burtu til vinnslu í landi.*

*Ekki hefur verið talinn grundvöllur til að reka vinnslu í eyjunni með það magn sem þar kemur á land í dag. Í dag eru nánast allir þeir sem stunda sjósókn og landa í Grímsey búsettir í eyjunni og allar útgerðirnar sem þar landa eru með lögheimili í eyjunni. Það þjónar hagsmunum byggðarinnar í Grímsey að vinnsluskyldan verði felld niður í ljósi núverandi stöðu annars yrði engum byggðakvóta úthlutað í eyjunni.*

*Ekki er óskað eftir breytingum á reglugerð um úthlutun byggðakvóta í Hrísey.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd bæjarstjóra



Elva Björk Einarsdóttir  
sérfræðingur á skjalasafni